

**Ed.**

**251. Nefndarálit**

**[134. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Í lögum þeim um efnahagsmál, sem núverandi ríkisstjórn fékk samþykkt á Alþingi 20. febr. s. l., var m. a. það ákvæði, að 5% skattur skyldi lagður á allar útflutningsvörur. Skyldi skattur þessi renna í útflutningssjóð og honum varið til þess að greiða skuldahala þann, sem talið var að sá sjóður drægi á eftir sér. Áætlað var, að skatturinn næmi um 120 millj. kr. á ári, og taldi ríkisstjórnin, að innheimta þyrfti hann í 1—2 ár, til þess að jöfnuður fengist á útflutningssjóði. En því var heitið, að skatturinn yrði af tekinn, jafnskjótt og sjóðurinn hefði staðið við skuldbindingar sínar.

Ekki var ein fengsælasta vetrarvertíð um garð gengin fyrr en svo varð augljóst, að útgerðin gat með engu móti staðið undir þessari skattheimtu, að ríkisstjórnin varð að láta undan síga fyrir kröfum útvegsmanna og lækka skattprósenta um helming og fá lögum sínum breytt í þá átt á sama þinginu og þau voru sett, en áður hafði hún fullyrt, að rekstrargrundvöllur sá, sem útveginum var ætlaður með „viðreisninni“, gerði honum ekki einasta kleift, heldur auðvelt að standa undir þessum skatti.

Nú hefur komið í ljós, að þessi skattlagning á útveginn hefur frá upphafi verið þarflaus með öllu, þar sem fyrir liggur, að þótt hann hefði aldrei verið á lagður, hefði útflutningssjóður getað staðið við allar skuldbindingar sínar og átt þó fé aflögu, sem nemur tugum milljóna króna. Með hliðsjón af þeirri staðreynd svo og

af loforðunum um að afnema skattinn, jafnskjótt og útflutningssjóður væri fær um að gjalda hverjum sitt, er það vissulega vonum seinna, að ríkisstjórnin beitir sér fyrir þessu frv.

Á hinn bóginn er öllum ljóst, að hag sjávarútvegsins er nú þannig komið, eftir að hann hefur búið við starfsgrundvöll þann, sem „viðreisnin“ ákvað honum til handa, í tæpt ár, að liggur við algerri stöðvun. Togarar liggja þegar bundnir í höfnum, og ráðagerðir eru uppi um að selja suma þeirra úr landi. Öðrum er haldið úti til siglinga með óunninn afla, en mörg frystihúsanna standa uppi hráefnislaus. Bátaflotinn kemst ekki á veiðar á vetrarvertíð að óbreyttum rekstrargrundvelli. Fiskkaupendur krefjast lækkaðs fiskverðs, á sama tíma og bátaflotinn þarfnast hækkaðs verðs. Hlutarsjómenn verða að fá verulegar lagfæringar á sínum kjörum og verkafólk í landi verulegar launahækkanir, ef það á að geta lifað mannsæm- andi lífi.

Við slíkar aðstæður nær það skammt til úrbóta, þótt útveginum sé skilað aftur þeim útflutningsskatti, sem með fólkskum forsendum var af honum tekinn á þessu ári. Svo sjálfsögð sem sú ráðstöfun er, breytir hún vitanlega engu um frambúðar- rekstrargrundvöllinn, sem byggja verður á. Miklu meira þarf til í þeim efnum, ef forða á algeru hruni aðalatvinnuvegarins og öllum þeim hörmungum, sem af því mundi leiða.

Breytingartillögur þær, sem ég flyt ásamt samflokksmönnum mínum á sérstöku þingskjali, miða allar að því, að sjávarútveginum verði gert fært að veita sjómönnum og verkafólki, sem við hann vinnur, brýnustu umbætur á launakjörum, um leið og honum sjálfum yrði einnig tryggð bætt afkoma. Tillögur þessar, sem eru efnislega að mestu hinar sömu og 2. minni hl. fjhn. Nd. (EOI) hefur áður flutt í þeirri hv. deild, ber auðvitað ekki að skoða sem hinar einu breytingar, sem gera þurfi að dómi okkar Alþýðubandalagsmanna á núgildandi efnahagskerfi. En engu að síður mundu þær leysa í mikilvægum atriðum þann vanda, sem „viðreisnin“ hefur skapað sjávarútveginum, en jafnframt léttu verkalýðshreyfingunni endurheimt réttinda og launa, sem stjórnarflokkarnir hafa rænt af almenningi, og þannig auka líkur fyrir því, að vinnufriður geti haldizt í landinu.

Vaxtaokur, sem hvergi á sér nú líka í heiminum, er sá þáttur „viðreisnarinnar“, sem þyngst leggst á sjávarútvegin og dregur afkomu hans niður meira en flest annað. Það er t. d. ekki óalgengt, að frystihús greiði nú nær því jafnháa upphæð í vexti og í vinnulaun, og nýr togari greiðir nú hærri upphæðir í vexti en til allra vinnulauna, þótt hann búi að meiri hluta að erlendum vaxtakjörum.

Vátryggingariðgjöld fiskiskipaflotans og tryggingagjöld af framleiðsluvörum útvegsins munu nú vart mikið undir 200 millj. kr. á ári. Hér eru gjöld þessi allt að helmingu hærri en t. d. í Noregi eða jafnvel meira. Virðist auðsætt, að unnt sé að spara miklar upphæðir á þessu sviði, og ekkert eðlilegra en að það sé gert á þann hátt, að ríkið, sem hvort eð er verður að greiða þessi iðgjöld að verulegu leyti, taki þessa starfsemi í sínar hendur, í stað þess að sá gróði, sem tekinn er af útgerðinni gegnum tryggingar, renni til erlendra auðfélaga.

Við hlið vaxtaokursins og lánaamlanna eru hin seinu gjaldeyrisskil útflutningshringanna, sem leiða af sér vaxtabyrðar af framleiðslunni í allt að hálfu ári frá útflutningsdegi, eitt af því, sem skapar útveginum mikla erfiðleika og fjárútlát. Er brýn nauðsyn á því, að á þessu verði gagnger breyting og að útflytjendum verði gert að skyldu að standa skil á andvirði útflutningsins á þann hátt, sem hér er lagt til.

Það er staðreynd, að farmgjöld þau, sem útflutningsframleiðslan héraendis býr við, eru stórum hærri en tíðkast meðal þjóða, sem flytja út fisk til sömu landa og við. Virðist auðsætt, að rannsaka beri, hvort ekki sé réttmætur sá sterki grunur, sem á því liggur, að farmskipaeigendur hirði óeðlilegan gróða á kostnað útvegsins, og á grundvelli slíkrar rannsóknar beri ríkisstjórninni síðan, ef slíkt kemur í ljós, að beita sér fyrir verðlagsákvæðum til lækkunar. Hér er ekki um neina smá-

muni að ræða, þar sem farmgjöld fyrir freðfiskinn einan nema 70—80 millj. kr. á ári.

Með lögum þeim um efnahagsmál, sem sett voru á síðasta þingi, voru verkalyðssamtökin svipt með öllu rétti sínum til þess að semja um það við atvinnurekendum, að kaupgjald breyttist eftir verðlagi. Með þeim lagaákvæðum voru tvö ill verk unnin: í fyrsta lagi að ráðast á mikilsverð mannréttindi og í öðru lagi að reyna að ofurselja launamenn hömlulausri dýrtíðarskriðu, án þess að þeir gætu komið við vörnum. Lagt er til, að þvingunarlög þessi verði afnumin og frjálsir samningar ráði einir skipan þessara mála.

Það er fullvíst, að samþykkt þeirra tillagna, sem ég hef dregið hér á, og annarra, sem ég og samflokksmenn mínir flytja við þetta frv., mundi skapa sjávarútveginum sérstaklega og einnig öðrum atvinnuvegum möguleika til þess að mæta óhjákvæmilegri launahækkun til handa sjómönnum og verkafólki og tryggja útvegsmönnum jafnframt stórhækkað fiskverð og þar með bættu afkomu. Er það sérstaklega athyglisvert, að það eru einkum þau atriði, sem tillögurnar fjalla um, sem skilja á milli í útvegsmálum okkar og frænda okkar Norðmanna. Norðmenn búa við lága vexti, eða 2—4%, á móti 9—12% hjá okkur, helmingi eða þrisvar sinnum lægri tryggingagjöld og lægri farmgjöld. En vinnslustöðvar þar greiða líka fiskimönnum á aðra krónu hærra fyrir hvert fiskkiló og verkafólki sínu a. m. k. 20% hærri laun en hér tíðkast, og um rekstrarstöðvanir er þar ekki rætt, þótt fiskiskipin dragi stórfellt minni afla að landi en við eigum að venjast.

Ég legg til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingartillögum, sem hér hefur verið gerð nokkur grein fyrir.

Alþingi, 19. des. 1960.

Björn Jónsson.